

Fréttatilkynning:

Reykjavík 19.05.2011

SORPA fagnar tuttugu ára starfsafmæli.

Afmælisráðstefna föstudaginn 20. mars í Hörpu

Í tuttugu ár hefur SORPA verið í fararbroddi í endurvinnslu, meðhöndlun og förgun úrgangs hér á landi með verndun umhverfisins að leiðarljósi. Fyrirtækið hefur frá upphafi tileinkað sér nútímalegar og hagkvæmar úrlausnir sem eru í sátt við stefnu eigenda þess, íbúana á höfuðborgarsvæðinu.

Á þessum tíma hefur átt sér stað stökkbreyting í förgun, endurvinnslu og umgengni við úrgang á höfuðborgarsvæðinu.

Myndarleg afmælisráðstefna

Í tilefni afmælisins stendur SORPA fyrir myndarlegri ráðstefnu, föstudaginn 20. maí í Hörpu, nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsinu. Þar fjalla innlendir og erlendir fyrirlesarar m.a. um nýjungar í endurvinnslu, þróun og hvernig verkefni snúa að neytendum. Stiklað verður á stóru í sögu SORPU og fjallað um ný verkefni sem fyrirtækið vinnur að. Dagskrá ráðstefnunnar má finna á <http://sorpa.is/afmaelisradstefna-2011/>.

Gæðavottað ferli

Það er ánægjulegt að á afmælisárinu hefur SORPA nú innleitt vottað gæðakerfi skv. ISO 9001 sem án efa leiðir til ávinnings jafnt umhverfilegs sem rekstrarlegs. SORPA er fyrsta vottaða fyrirtækið á sviði úrgangsstjórnunar sem vinnur samkvæmt ISO 9001 gæðastaðli á Íslandi, það gildir um Góða hirðinn, móttöku- og flokkunarstöð í Gufunesi, endurvinnslustöðvar og urðunarstað. Með ISO vottuninni er SORPA meðal fyrstu fyrirtækjanna með jafn fjölbreytta starfsemi á sviði úrgangsstjórnunar á Norðurlöndunum, til að hljóta slíka vottun. Verður það að teljast vísir um hversu framarlega SORPA og höfuðborgarbúar standa í endurvinnslumálum.

Ný tækni – léttir flokkun

SORPA vinnur stöðugt að nýjum lausnum og þróun á sínu sviði. Sum skrefin eru stór, önnur smærri en öll vísa þau í átt til hagræðingar fyrir viðskiptavinum með umhyggju fyrir umhverfinu. Eitt nýlegt dæmi er ný tækni sem einfaldar flokkun en hún felst í að tækjabúnaður í móttökustöð SORPU aðskilur málma frá öðrum úrgangi. Bæði er um að ræða járn, stál og t.d. ál og kopar. Efninu er síðan komið til endurvinnslu. Frekari nýjungar í vélrænni flokkun úrgangs verða kynntar á næstu vikum.

Frekari upplýsingar veita:

Ragna Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri markaðs- og fræðsludeildar/gæðastjóri
ragna@sorpa.is, 520 2236/660 2236